

Lyfið er ekki lengur með markaðsleyfi

VIÐAUKI I

SAMANTEKT Á EIGINLEIKUM LYFS

1. HEITI DÝRALYFS

MiPet Easecto 5 mg tuggutöflur fyrir hunda 1,3–2,5 kg
MiPet Easecto 10 mg tuggutöflur fyrir hunda >2,5–5 kg
MiPet Easecto 20 mg tuggutöflur fyrir hunda >5–10 kg
MiPet Easecto 40 mg tuggutöflur fyrir hunda >10–20 kg
MiPet Easecto 80 mg tuggutöflur fyrir hunda >20–40 kg
MiPet Easecto 120 mg tuggutöflur fyrir hunda >40–60 kg

2. INNIHALDSLÝSING

Hver tafla inniheldur:

Virk innihaldsefni:

MiPet Easecto tuggutöflur	sarolaner (mg)
fyrir hunda 1,3–2,5 kg	5
fyrir hunda >2,5–5 kg	10
fyrir hunda >5–10 kg	20
fyrir hunda >10–20 kg	40
fyrir hunda >20–40 kg	80
fyrir hunda >40–60 kg	120

Hjálparefni:

Hjálparefni og önnur innihaldsefni
Hýprómellósa asetatsúkkínat, miðlungi stórar agnir
Laktósaeinhýdrat
Natríumsterkjuglýkólat
Vatnsfrí kísilkvoða
Magnesiumsterat
Maíssterkja
Flórsykur
Glúkósi, vökvi (81,5% fast efni)
Úðapurkað duft úr grísalífur
Vatnsrofið grænmetisprótein
Gelatín af gerð A
Hveitikín
Vatnsfritt kalsíumhýdrógenfosfat

Brúndröfnóttar, ferkantaðar tuggutöflur með ávölum brúnum.

Talan sem er upphleypt á annarri hlið töflunnar vísar til styrks (mg) taflanna: „5“, „10“, „20“, „40“, „80“ eða „120“.

3. KLÍNÍSKAR UPPLÝSINGAR

3.1 Markdýrategundir

Hundar

3.2 Ábendingar fyrir notkun hjá markdýrategundum

Til meðferðar gegn blóðmítlum (*Dermacentor reticulatus*, *Ixodes hexagonus*, *Ixodes ricinus* og *Rhipicephalus sanguineus*). Dýrallyfið drepur blóðmítla tafarlaust og helst virkinn í a.m.k. 5 vikur.

Til meðferðar gegn flóm (*Ctenocephalides felis* og *Ctenocephalides canis*). Dýrallyfið drepur flær tafarlaust og helst virkinn gegn nýju smiti í a.m.k. 5 vikur. Nota má dýrallyfið sem hluta meðferðaráætlunar gegn flóaofnæmishúðbólgu (flea allergy dermatitis).

Til meðferðar gegn kláðamaur (*Sarcoptes scabiei*).

Til meðferðar við eyrnamaur (*Otodectes cynotis*).

Til meðferðar við háarsekkjamaur (*Demodex canis*).

Til að draga úr hættu á sýkingu af völdum *Babesia canis canis* sem dreifist með *Dermacentor reticulatus* í 28 daga eftir meðferð. Áhrifin eru óbein, vegna þess að dýrallyfið verkar á millihýsilinn.

Flær og blóðmítlar verða að festa sig við hýsilinn og byrja að sjuga blóð til að komast í snertingu við virka efnið.

3.3 Frábendingar

Gefið ekki dýrum sem hafa ofnæmi fyrir virka efnið eða einhverju hjálparefna.

3.4 Sérstök varnaðarorð

Ekki er hægt að útiloka dreifingu *B. canis canis* þar sem *D. reticulatus* mítlar þurfa að festa sig við hýsilinn áður en þeir drepast. Þar sem banvæn verkun gegn *D. reticulatus* getur tekið allt að 48 klukkustundir er ekki hægt að útiloka dreifingu *B. canis canis* á fyrstu 48 klukkustundunum.

Notkun dýrallyfsins á að byggjast á staðbundnum faraldsfræðilegum aðstæðum, þ.m.t. þekkingu á ráðandi tegundum mítla, þar sem hugsanlegt er að *B. canis* dreifist með öðrum tegundum mítla en *D. reticulatus*, og á hún að vera hluti samræmdrar áætlunar til að hefta dreifingu *Babesia canis*.

3.5 Sérstakar varúðarreglur við notkun

Sérstakar varúðarreglur til öruggrar notkunar hjá markdýrategundunum:

Meðferð hvölpna yngri en 8 vikna og/eða hunda sem vege minna en 1,3 kg á að byggjast á mati dýralæknis á ávinningi og áhættu, vegna þess að engin gögn eru tiltæk.

Sérstakar varúðarreglur fyrir þann sem gefur dýrinu lyfið:

Þvoiid hendur eftir að dýrallyfið er meðhöndlað.

Ef dýrallyfið er tekið inn fyrir slysi getur það valdið aukaverkunum, svo sem tímabundnum örvandi áhrifum á taugakerfi. Til að koma í veg fyrir að börn hafi aðgang að dýrallyfinu á aðeins að taka eina tuggutöflu í einu úr þynnupakkningunni og ekki fyrir en þörf krefur. Setja á þynnupakkninguna tafarlaust aftur í öskjuna eftri notkun og geyma öskjuna þar sem börn hvorki ná til né sjá. Ef dýrallyfið er óvart tekið inn skal tafarlaust leita til læknis og hafa meðferðis fylgiseðil eða umbúðir dýrallyfsins.

Sérstakar varúðarreglur til þess að vernda umhverfið:

Á ekki við.

3.6 Aukaverkanir

Hundar:

Koma örsjaldan fyrir (<1 dýr / 10.000 dýrum sem fá meðferð, þ.m.t. einstök tilvik):	einkenni frá meltingarvegi (svo sem uppköst, niðurgangur) ¹ altækir kvillar (svo sem svefnhöfgi eða lysterleysi) ¹ einkenni frá taugakerfi (svo sem skjálfti, ósamhæfðar hreyfingar eða krampar) ²
-------------------------------------------------------------------------------------	-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------

¹Væg og tímabundin.

²Í flestum tilvikum eru þessi einkenni tímabundin.

Mikilvægt er að tilkynna aukaverkanir. Þannig er hægt að fylgjast stöðugt með öryggi dýrallyfsins. Senda skal tilkynningar, helst gegnum dýralækni, til markaðsleyfishafans eða fulltrúa hans eða lyfjafyrvalda. Sjá upplýsingar um viðeigandi tengiliði í fylgiseðlinum.

3.7 Notkun á meðgöngu, við mjólkurgjöf og varp

Ekki hefur verið sýnt fram á öryggi dýrallyfsins á meðgöngu og við mjólkurgjöf eða hjá dýrum sem ætluð eru til undaneldis. Rannsóknir á rottum og kaninum á rannsóknarstofum hafa ekki leitt í ljós vísbendingar um vanskapandi áhrif.

Meðganga og mjólkurgjöf:

Ekki er mælt með notkun dýrallyfsins fyrir viðkomandi dýr.

Frjósemi:

Ekki er ráðlagt að gefa dýrallyfið dýrum sem notuð eru til undaneldis.

3.8 Milliverkanir við önnur lyf og aðrar milliverkanir

Engar þekktar.

Engar milliverkanir milli dýrallyfsins og algengra dýrallyfja komu í ljós í klínískum rannsóknum.

Í rannsóknum á öryggi lyfsins, sem gerðar voru á rannsóknarstofu, sáust engar milliverkanir þegar sarolaner var gefið samtímis milbemycínoxími, moxidektíni eða pýrantelpamóati. (Virgni var ekki rannsökuð í þessum rannsóknum).

Sarolaner binst plasmapróteinum í miklum mæli og gæti keppt við önnur lyf sem bindast próteinum í miklum mæli svo sem bólgueyðandi lyf sem ekki eru sterar (NSAID-lyf) og kúmarínafleiðuna warfarín.

3.9 Íkomuleiðir og skammtar

Til inntöku.

Gefa má töflurnar með eða án matar.

Gefa á dýrallyfið í skömmtum sem nema 2-4 mg/kg líkamsþyngdar, samkvæmt töflunni hér á eftir:

Líkamsþyngd (kg)	Töflustyrkur (mg sarolaner)	Fjöldi taflna sem gefa á
1,3–2,5	5	Ein
>2,5–5	10	Ein
>5–10	20	Ein

>10–20	40	Ein
>20–40	80	Ein
>40–60	120	Ein
>60	Viðeigandi samsetning taflna	

Nota á viðeigandi samsetningu tiltækra styrkleika til að ná ráðlögðum skammti, 2–4 mg/kg. Ákvarða skal líkamsþyngd eins nákvæmlega og hægt er til þess að tryggja réttan skammt.

Töflur dýralyfsins eru tyggjanlegar og bragðgóðar og hundar éta þær fúslega þegar þeim eru boðnar þær. Ef hundurinn étur töfluna ekki af sjálfsdáðum er hægt að gefa hana í mat eða beint í munn. Ekki á að skipta töflunum.

Meðferðaráætlun:

Til að ná fullu valdi á blóðmítla- og flóasmiti á að gefa dýralyfið mánaðarlega og halda því áfram allt flóa- og/eða blóðmítlatímabilið, eftir því sem faraldsfræði sníkjudýra á svæðinu gefur tilefni til.

Sem meðferð við eyrnamaur (*Otodectes cynotis*) á að gefa einn skammt. Mælt er með annarri skoðun hjá dýralækni 30 dögum eftir meðferð þar sem sum dýr geta þurft endurtekna meðferð.

Við meðferð við kláðamaur (af völdum *Sarcoptes scabiei* var. *canis*) á að gefa staka skammta með mánaðar millibili tvo mánuði í röð.

Meðferð við háirsekkjamaur (af völdum *Demodex canis*), með því að gefa einn skammt einu sinni í mánuði í þrjá mánuði í röð, gefur góða raun og klínísk einkenni lagast greinilega. Halda skal meðferð áfram þar til húðsýni eru neikvæð í a.m.k. tvö skipti með mánaðar millibili. Þar sem háirsekkjamaur er margþættur sjúkdómur, er mælt með að meðhöndla einnig alla undirliggjandi sjúkdóma eins og við á.

3.10 Einkenni ofskömmunar (bráðameðferð og móteitur þar sem það á við)

Í rannsókn á öryggismörkum dýralyfsins var það gefið 8 vikna gömlum Beagle-hvolpum til inntöku í skömmum sem námu 0, 1, 3 og 5 sinnum skammti sem olli hámarks útsetningunni 4 mg/kg, alls 10 skammtar með 28 daga millibili. Engar aukaverkanir sáust við skammt sem olli hámarks útsetningu, 4 mg/kg. Í hópunum sem fengu of stóra skammta sáust tímabundin og sjálfatakmarkandi einkenni frá taugakerfi hjá sumum dýranna: vægur skjálfti hjá dýrum sem fengu 3 sinnum skammt sem olli hámarks útsetningu og krampi hjá dýrum sem fengu 5 sinnum skammt sem olli hámarks útsetningu. Allir hundarnir náðu sér án meðferðar.

Sarolaner þolist vel hjá Collie-hundum með galla í fjöllyfjapolspróteininu (*multidrug-resistance-protein 1* (MDR1 -/-)) eftir inntöku staks skammts sem nemur fimmföldum ráðlögðum skammti. Engin klínísk einkenni sem tengdust meðferðinni komu fram.

3.11 Sérstakar takmarkanir á notkun eða sérstakar forsendur fyrir notkun, þ.m.t. takmarkanir á notkun dýralyfja gegn örverum og sníkjudýrum til þess að draga úr hættu á ónæmismyndun

Á ekki við.

3.12 Biötími fyrir afurðanýtingu

Á ekki við.

4. LYFJAFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

4.1 ATCvet kóði: QP53BE03

4.2 Lyfhrif

Sarolaner er mítla- og skordýraeyðir úr flokki isoxazólína. Helsti verkunarháttur sarolaner hjá skordýrum og mítlum er blokkun á bindilstýrðum (ligand-gated) klóríðgöngum (GABA-viðtakar og glútamat-viðtakar). Sarolaner blokkar GABA- og glútamat-virkjuð klóríðgöng í miðtaugakerfi skordýra og mítla. Röskun á þessum viðtökum af völdum sarolaner hindrar upptöku klóríðjóna um GABA- og glútamat-stýrð jónagöng og leiðir þannig til aukinnar taugaörvunar og dauða sníkjudýrsins. Sarolaner er virkara við blokkun viðtaka hjá skordýrum og mítlum en hjá spendýrum. Sarolaner milliverkar ekki við þekkt skordýraeitur sem bindast nikótínviðtökum eða öðrum GABA-viðtökum svo sem neonikótínóíð, fípról, milbemycín, avermektín eða cýklódíen. Sarolaner er virkt gegn fullorðnum flóm (*Ctenocephalides felis* og *Ctenocephalides canis*) auk margra mítlategunda svo sem *Dermacentor reticulatus*, *Ixodes hexagonus*, *Ixodes ricinus*, *Rhipicephalus sanguineus* og maurunum *Demodex canis*, *Otodectes cynotis* og *Sarcoptes scabiei*.

Hjá flóm kemur virkni fram innan 8 klukkustunda eftir að flóin berst á hundinn, á 28 daga tímabili eftir að dýralyfið er gefið. Hjá blódmítlum (*I. ricinus*) kemur virkni fram innan 12 klukkustunda eftir að blódmítillinn berst á hundinn, á 28 daga tímabili eftir að dýralyfið er gefið. Blódmítlar sem fyrir eru á hundinum drepast innan 24 klukkustunda.

Dýralyfið drepur nýjar flær á hundum áður en þær geta verpt og kemur þannig í veg fyrir flóasmít í umhverfi hunda.

4.3 Lyfjahvörf

Aðgengi sarolaner eftir inntöku var mikið, >85%. Hjá Beagle-hundum var þéttni sarolaner í hlutfalli við skammtastærð á skammtabilinu frá ætluðum notkunarskammti sem er 2-4 mg/kg og upp í 20 mg/kg. Fæðustaða hundsins hefur ekki marktæk áhrif á frásog dýralyfsins.

Úthreinsun sarolaner er hæg (0,12 ml/mín./kg) og dreifingarrúmmál þess er miðlungi mikið (2,81 l/kg). Helmingunartími var sambærilegur við gjöf lyfsins í æð (12 dagar) og með inntöku (11 dagar). Binding við plasmaprótein var mæld *in vitro* og var ≥99,9%.

Rannsókn á dreifingu lyfsins sýndi að umbrotsefni ¹⁴C-sarolaner dreifðust víða til vefja. Brotthvarf þeirra úr vefjum var í samræmi við helmingunartíma í plasma.

Brotthvarf verður aðallega með útskilnaði óbreytts dýralyfs í galli og síðan með saur.

5. LYFJAGERÐARFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

5.1 Ósamrýmanleiki sem skiptir máli

Á ekki við.

5.2 Geymsluþol

Geymsluþol dýralyfsins í söluumbúðum: 30 mánuðir.

5.3 Sérstakar varúðarreglur við geymslu

Engin sérstök fyrirmæli eru um geymsluaðstæður dýralyfsins.

5.4 Gerð og samsetning innri umbúða

Álpynna/þynnupakkning.

Hver askja inniheldur eina þynnu með 3 töflum.

5.5 Sérstakar varúðarreglur vegna förgunar ónotaðra dýralyfja eða úrgangs sem til fellur við notkun þeirra

Ekki má skola lyfjum niður í frárennislagnir eða fleygja þeim með heimilissorpi.

Ónotuðum dýralyfjum og úrgangi sem fellur til við notkun þeirra skal farga í gegnum lyfjaskilakerfi samkvæmt reglum á hverjum stað og því kerfi sem við á um viðkomandi dýralyf í hverju landi.

6. HEITI MARKAÐSLEYFISHAFA

Zoetis Belgium

7. MARKAÐSLEYFISNÚMER

EU/2/17/220/001-006

8. DAGSETNING FYRSTU ÚTGÁFU MARKAÐSLEYFIS

Dagsetning fyrstu útgáfu markaðsleyfis: 31/01/2018.

9. DAGSETNING SÍÐUSTU ENDURSKOÐUNAR Á SAMANTEKTINNI Á EIGINLEIKUM LYFS

10. FLOKKUN DÝRALYFSINS

Dýralyfið er ávísunarskylt.

Ítarlegar upplýsingar um dýralyfið eru birtar í [gagnagrunni Evrópusambandsins yfir dýralyf](https://medicines.health.europa.eu/veterinary) (<https://medicines.health.europa.eu/veterinary>).

Lyfið er ekki lengur með markaðsleyfi

VIÐAUKI II

ADRAR FORSENDUR OG SKILYRÐI MARKAÐSLEYFIS

Engin.

VIÐAUKI III
ÁLETRANIR OG FYLGISEDILL

Lyfið er ekki lengur með markaðsleyfi

Lyfið er ekki lengur með markaðsleyfi

A. ÁLETRANIR

UPPLÝSINGAR SEM EIGA AÐ KOMA FRAM Á YTRI UMBÚÐUM

ASKJA

1. HEITI DÝRALYFS

MiPet Easecto 5 mg tuggutöflur fyrir hunda 1,3–2,5 kg
MiPet Easecto 10 mg tuggutöflur fyrir hunda >2,5–5 kg
MiPet Easecto 20 mg tuggutöflur fyrir hunda >5–10 kg
MiPet Easecto 40 mg tuggutöflur fyrir hunda >10–20 kg
MiPet Easecto 80 mg tuggutöflur fyrir hunda >20–40 kg
MiPet Easecto 120 mg tuggutöflur fyrir hunda >40–60 kg

2. VIRK INNIHALDSEFNI

sarolaner 5 mg
sarolaner 10 mg
sarolaner 20 mg
sarolaner 40 mg
sarolaner 80 mg
sarolaner 120 mg

3. PAKKNINGASTÆRÐ

3 töflur

4. MARKDÝRATEGUNDIR

Hundar

5. ÁBENDINGAR**6. ÍKOMULEIÐIR**

Til inntöku.

7. BIÐTÍMI FYRIR AFURÐANÝTINGU**8. FYRNINGARDAGSETNING**

Exp. {mm/áááá}

9. SÉRSTÖK GEYMSLUSKILYRÐI

10. VARNADARORÐIN „LESID FYLGISEÐILINN FYRIR NOTKUN“

Lesið fylgiseðilinn fyrir notkun.

11. VARNADARORÐIN „DÝRALYF“

Dýralyf.

12. VARNADARORÐIN „GEYMIÐ ÞAR SEM BÖRN HVORKI NÁ TIL NÉ SJÁ“

Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

13. HEITI MARKAÐSLEYFISHAFA

Zoetis Belgium

14. MARKAÐSLEYFISNÚMER

EU/2/17/220/001 (5 mg, 3 töflur)
EU/2/17/220/002 (10 mg, 3 töflur)
EU/2/17/220/003 (20 mg, 3 töflur)
EU/2/17/220/004 (40 mg, 3 töflur)
EU/2/17/220/005 (80 mg, 3 töflur)
EU/2/17/220/006 (120 mg, 3 töflur)

15. LOTUNÚMER

Lot {númer}

LÁGMARKS UPPLÝSINGAR SEM SKULU KOMA FRAM Á LITLUM INNRI UMBÚÐUM

ÞYNNA

1. HEITI DÝRALYFS

MiPet Easecto



2. MAGN VIRKRA INNIHALDSEFNA

1,3–2,5 kg
>2,5–5 kg
>5–10 kg
>10–20 kg
>20–40 kg
>40–60 kg

5 mg
10 mg
20 mg
40 mg
80 mg
120 mg

3. LOTUNÚMER

Lot {númer}

4. FYRNINGARDAGSETNING

Exp. {mm/áááá}

Lyfið er ekkilengur með markaðsleyfi

Lyfið er ekki lengur með markaðsleyfi

B. FYLGISEDILL

FYLGISEDILL

1. Heiti dýrallyfs

MiPet Easecto 5 mg tuggutöflur fyrir hunda 1,3–2,5 kg
MiPet Easecto 10 mg tuggutöflur fyrir hunda >2,5–5 kg
MiPet Easecto 20 mg tuggutöflur fyrir hunda >5–10 kg
MiPet Easecto 40 mg tuggutöflur fyrir hunda >10–20 kg
MiPet Easecto 80 mg tuggutöflur fyrir hunda >20–40 kg
MiPet Easecto 120 mg tuggutöflur fyrir hunda >40–60 kg

2. Innihaldslýsing

Hver tafla inniheldur:

MiPet Easecto tuggutöflur	sarolaner (mg)
fyrir hunda 1,3–2,5 kg	5
fyrir hunda >2,5–5 kg	10
fyrir hunda >5–10 kg	20
fyrir hunda >10–20 kg	40
fyrir hunda >20–40 kg	80
fyrir hunda >40–60 kg	120

Brúndröfnóttar, ferkantaðar tuggutöflur með ávöllum brúnum. Talan sem er upphleypt á annarri hlið töflunnar vísar til styrks (mg) taflnanna: „5“, „10“, „20“, „40“, „80“ eða „120“.

3. Markdýrategundir

Hundar.

4. Ábendingar fyrir notkun

Til meðferðar gegn blódmítlum (*Dermacentor reticulatus*, *Ixodes hexagonus*, *Ixodes ricinus* og *Rhipicephalus sanguineus*). Dýrallyfið drepur blódmítla tafarlaust og helst virknin í a.m.k. 5 vikur.

Til meðferðar gegn flóm (*Ctenocephalides felis* og *Ctenocephalides canis*). Dýrallyfið drepur flær tafarlaust og helst virknin gegn nýju smiti í a.m.k. 5 vikur. Nota má dýrallyfið sem hluta meðferðaráætlunar gegn flóaofnæmishúðbólgu (flea allergy dermatitis).

Til meðferðar gegn kláðamaur (*Sarcoptes scabiei*).

Til meðferðar við eyrnamaur (*Otodectes cynotis*).

Til meðferðar við háarsekkjamaur (*Demodex canis*).

Til að draga úr hættu á sýkingu af völdum *Babesia canis canis* sem dreifist með *Dermacentor reticulatus* í 28 daga eftir meðferð. Áhrifin eru óbein, vegna þess að dýrallyfið verkar á millihýsilinn.

Flær og blódmítlar verða að festa sig við hýsilinn og hefja fæðunám til að komast í snertingu við virka efnið.

5. Frábendingar

Gefið ekki dýrum sem hafa ofnæmi fyrir virka efninu eða einhverju hjálparefnum.

6. Sérstök varnaðarorð

Sérstök varnaðarorð:

Ekki er hægt að útiloka dreifingu *B. canis canis* þar sem *D. reticulatus* mítlar þurfa að festa sig við hýsilinn áður en þeir drepast. Þar sem banvæn verkun gegn *D. reticulatus* getur tekið allt að 48 klukkustundir er ekki hægt að útiloka dreifingu *B. canis canis* á fyrstu 48 klukkustundunum.

Notkun dýralyfsins á að byggjast á staðbundnum faraldsfræðilegum aðstæðum, þ.m.t. þekkingu á ráðandi tegundum mítla, þar sem hugsanlegt er að *B. canis* dreifist með öðrum tegundum mítla en *D. reticulatus*, og á hún að vera hluti samræmdrar áætlunar til að hefta dreifingu *Babesia canis*.

Sérstakar varúðarreglur til öruggrar notkunar hjá markdýrategundum:

Ekki á að meðhöndla hvolpa yngri en 8 vikna og/eða hunda sem vege minna en 1,3 kg nema að ráði dýralæknis.

Sérstakar varúðarreglur fyrir þann sem gefur dýrinu lyfið:

Þvoið hendur eftir að dýralyfið er meðhöndlað.

Ef dýralyfið er tekið inn fyrir slysi getur það valdið aukaverkunum, svo sem tímabundnum örvandi áhrifum á taugakerfi.

Til að koma í veg fyrir að börn hafi aðgang að dýralyfinu á aðeins að taka eina tuggutöflu í einu úr þynnupakkningunni og ekki fyrr en þörf krefur. Setja á þynnupakkninguna tafarlaust aftur í öskjuna eftri notkun og geyma öskjuna þar sem börn hvorki ná til né sjá. Ef dýralyfið er óvart tekið inn skal tafarlaust leita til læknis og hafa meðferðis fylgiseðil eða umbúðir dýralyfsins.

Meðganga og mjólkurgjöf:

Ekki hefur verið sýnt fram á öryggi dýralyfsins á meðgöngu eða við mjólkurgjöf eða hjá dýrum sem ætluð eru til undaneldis. Rannsóknir á rottum og kaninum á rannsóknarstofum hafa ekki leitt í ljós vísbendingar um vanskapandi áhrif. Ekki er mælt með notkun dýralyfsins fyrir viðkomandi dýr.

Frjósemi:

Ekki hefur verið sýnt fram á öryggi dýralyfsins hjá hundum sem ætlaðir eru til undaneldis. Ekki er ráðlagt að gefa slíkum dýrum dýralyfið.

Milliverkanir við önnur lyf og aðrar milliverkanir:

Engar þekktar.

Engar milliverkanir milli dýralyfsins og algengra dýralyfja komu í ljós í klínískum rannsóknum.

Í rannsóknum á öryggi lyfsins, sem gerðar voru á rannsóknarstofu, sáust engar milliverkanir þegar sarolaner var gefið samtímis milbemycín oxími, moxidektíni eða pýrantel pamóati. (Virgni var ekki rannsökuð í þessum rannsóknum).

Sarolaner binst plasmapróteinum í miklum mæli og gæti keppt við önnur lyf sem bindast próteinum í miklum mæli svo sem bólgueyðandi lyf sem ekki eru sterar (NSAID-lyf) og kúmarínafleiðuna warfarín.

Ofskömmtnun:

Í rannsókn á öryggismörkum dýralyfsins var það gefið 8 vikna gömlum Beagle-hvolpum til inntöku í skömmtum sem námu 0, 1, 3 og 5 sinnum skammti sem olli hámarks útsetningunni 4 mg/kg, alls 10 skammtar með 28 daga millibili. Engar aukaverkanir sáust við skammt sem olli hámarks útsetningu, 4 mg/kg. Í hópunum sem fengu of stóra skammta sáust tímabundin og sjálftakmarkandi einkenni frá taugakerfi hjá sumum dýranna: vægur skjálfti hjá dýrum sem fengu 3 sinnum skammt

sem olli hámarks útsetningu og krampi hjá dýrum sem fengu 5 sinnum skammt sem olli hámarks útsetningu. Allir hundarnir náðu sér án meðferðar.

Sarolaner þolist vel hjá Collie-hundum með galla í fjöllyfjapolspróteininu (*multidrug-resistance-protein 1* (MDR1 -/-)) eftir inntöku staks skammts sem nemur fimmföldum ráðlögðum skammti. Engin klínísk einkenni sem tengdust meðferðinni komu fram.

7. Aukaverkanir

Hundar:

Koma örsjaldan fyrir (<1 dýr / 10.000 dýrum sem fá meðferð, þ.m.t. einstök tilvik):
einkenni frá meltingarvegi (svo sem uppköst, niðurgangur) ¹ altækir kvillar (svo sem svefnhöfði eða lystarleysi) ¹ einkenni frá taugakerfi (svo sem skjálfti, ósamhæfðar hreyfingar eða krampar) ²

¹Væg og tímabundin.

²Í flestum tilvikum eru þessi einkenni tímabundin.

Mikilvægt er að tilkynna aukaverkanir. Þannig er hægt að fylgjast stöðugt með öryggi dýrallyfsins. Byrja skal á að gera dýralækni viðvart ef vart verður einhverra aukaverkana, jafnvel aukaverkana sem eru ekki tilgreindar í fylgiseðlinum, eða ef svo virðist sem lyfið hafi ekki tilætluð áhrif. Það er líka hægt að tilkynna aukaverkanir til markaðsleyfishafans eða fulltrúa markaðsleyfishafans með því að nota upplýsingar um tengiliði sem eru aftast í fylgiseðlinum eða gegnum tilkynningakerfi lyfjafyrvalda {lýsing á kerfinu}.

8. Skammtar fyrir hverja dýrategund, íkomuleiðir og aðferð við lyfjagjöf

Til inntöku.

Gefa á dýrallyfið í skömmtum sem nema 2-4 mg/kg líkamsþyngdar, samkvæmt töflunni hér á eftir:

Líkamsþyngd (kg)	Töflustyrkur (mg sarolaner)	Fjöldi taflna sem gefa á
1,3–2,5	5	Ein
>2,5–5	10	Ein
>5–10	20	Ein
>10–20	40	Ein
>20–40	80	Ein
>40–60	120	Ein
>60	Viðeigandi samsetning taflna	

Nota á viðeigandi samsetningu tiltækra styrkleika til að ná ráðlögðum skammti, 2–4 mg/kg. Ákvarða skal líkamsþyngd eins nákvæmlega og hægt er til þess að tryggja réttan skammt. Ekki á að skipta töflunum.

Gefa má töflurnar með eða án matar.

Meðferðaráætlun:

Til að ná fullu valdi á blóðmítla- og flóasmíti á að gefa dýrallyfið mánaðarlega og halda því áfram allt flóa- og/eða blóðmítlatímabilið, eftir því sem faraldsfræði snikjudýra á svæðinu gefur tilefni til.

Til meðferðar við eyrnamaur (*Otodectes cynotis*) á að gefa einn skammt. Mælt er með annarri skoðun hjá dýralækni 30 dögum eftir meðferð þar sem sum dýr geta þurft endurtekna meðferð.

Við meðferð við kláðamaur (af völdum *Sarcoptes scabiei* var. *canis*) á að gefa staka skammta með mánaðar millibili tvo mánuði í röð.

Meðferð við háirsekkjamaur (af völdum *Demodex canis*) með því að gefa einn skammt einu sinni í mánuði í þrjá mánuði í röð gefur góða raun og klínísk einkenni lagast greinilega. Halda skal meðferð áfram þar til húðsýni eru neikvæð í a.m.k. tvö skipti með mánaðar millibili. Þar sem háirsekkjamaur er margþættur sjúkdómur, er mælt með að meðhöndla einnig alla undirliggjandi sjúkdóma eins og við á.

9. Leiðbeiningar um rétta lyfjagjöf

Töflur dýralyfsins eru tryggjanlegar og bragðgóðar og hundar éta þær fúslega þegar þeim eru boðnar þær. Ef hundurinn étur töfluna ekki af sjálfsdáðum er hægt að gefa hana í mat eða beint í munn.

10. Biðtími fyrir afurðanýtingu

Á ekki við.

11. Sérstakar varúðarreglur við geymslu

Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

Engin sérstök fyrirmæli eru um geymsluaðstæður dýralyfsins.

Ekki skal nota dýralyfið eftir fyrningardagsetningu sem tilgreind er á öskjunni og þynnunni á eftir Exp. Fyrningardagsetning er síðasti dagur mánaðarins sem þar kemur fram.

12. Sérstakar varúðarreglur vegna förgunar

Ekki má skola lyfjum niður í frárennslislagnir eða fleygja þeim með heimilissorpi.

Ónotuðum dýralyfjum og úrgangi sem fellur til við notkun þeirra skal farga í gegnum lyfjaskilakerfi samkvæmt reglum á hverjum stað og því kerfi sem við á um viðkomandi dýralyf í hverju landi. Markmiðið er að vernda umhverfið.

13. Flokkun dýralyfsins

Dýralyfið er ávísunarskylt.

14. Markaðsleyfisnúmer og pakkningastærðir

Fyrir hvern styrkleika eru tuggutöflurnar fánlegar í pakkningu með 1 þynnu sem inniheldur 3 töflur.

15. Dagsetning síðustu endurskoðunar fylgiseðilsins

EU/2/17/220/001-006.

Ítarlegar upplýsingar um dýralyfið eru birtar í gagnagrunni Evrópusambandsins yfir dýralyf (<https://medicines.health.europa.eu/veterinary>).

16. Tengiliðaupplýsingar

Markaðsleyfishafi og framleiðandi sem ber ábyrgð á lokasamþykkt:

Zoetis Belgium
Rue Laid Burniat 1
1348 Louvain-La-Neuve
Belgía

Fulltrúar markaðsleyfishafa og tengiliðaupplýsingar til þess að tilkynna grun um aukaverkanir:

België/Belgique/Belgien

Zoetis Belgium
Mercuriusstraat 20
BE-1930 Zaventem
Tél/Tel: +32 (0) 800 99 189

Република България

Zoetis Belgium
Rue Laid Burniat 1
1348 Louvain-la-Neuve
Белгия
Тел: +359 888 51 30 30

Česká republika

Zoetis Česká republika, s.r.o.
náměstí 14. října 642/17
CZ 150 00 Praha
Tel: +420 257 101 111

Danmark

Zoetis Animal Health ApS
Øster Alle 48
DK-2100 København
Tlf: +45 70 20 73 05
adr.scandinavia@zoetis.com

Deutschland

Zoetis Deutschland GmbH
Schellingstr. 1
DE-10785 Berlin
Tel: +49 30 2020 0049
tierarzneimittelsicherheit@zoetis.com

Eesti

Zoetis Belgium
Mercuriusstraat 20
1930 Zaventem
Belgia
Tel: +370 610 05088

Lietuva

Zoetis Belgium
Mercuriusstraat 20
1930 Zaventem
Belgija
Tel: +370 610 05088

Luxembourg/Luxemburg

Zoetis Belgium
Mercuriusstraat 20
1930 Zaventem
Belsch
Tél/Tel: +32 (2) 746 80 11

Magyarország

Zoetis Hungary Kft.
Csörsz u. 41.
HU-1124 Budapest
Tel.: +36 1 224 5200

Malta

Agrimed Limited
Mdina Road, Zebbug ZBG 9016,
MT
Tel: +356 21 465 797

Nederland

Zoetis B.V.
Rivium Westlaan 74
NL-2909 LD Capelle aan den IJssel
Tel: +31 (0)10 714 0900

Norge

Zoetis Animal Health ApS
Øster Alle 48
DK-2100 København
Danmark
Tlf: +47 23 29 86 80
adr.scandinavia@zoetis.com

Κύπρος

Zoetis Hellas S.A.
Φραγκοκκλησιάς 7, Μαρούσι
15125, Αττική
Ελλάδα
Τηλ: +30 210 6791900

España

Zoetis Spain, S.L.
Parque Empresarial Vía Norte Edificio nº1,
c/ Quintanavides nº13
ES-28050 Madrid
Tel: +34 91 4191900

France

Zoetis France
10 rue Raymond David
FR-92240 Malakoff
Tél: +33 (0)800 73 00 65

Hrvatska

Zoetis B.V.
Podružnica Zagreb za promidžbu
Petra Hektorovića 2
HR-10000 Zagreb
Tel: +385 1 6441 462

Ireland

Zoetis Belgium S.A. (Irish Branch)
2nd Floor, Building 10,
Cherrywood Business Park,
Loughlinstown,
Co. Dublin,
IE – Dublin D18 T3Y1
Tel: +353 (0) 1 256 9800

Ísland

Zoetis Animal Health ApS
Øster Alle 48
DK-2100 København
Danmörku
Sími: +45 70 20 73 05
adr.scandinavia@zoetis.com

Italia

Zoetis Italia S.r.l.
Via Andrea Doria 41M,
IT-00192 Roma
Tel: +39 06 3366 8111

Österreich

Zoetis Österreich GmbH
Floridsdorfer Hauptstr. 1
AT-1210 Wien
Tel: +43 (0)1 2701100 100

Polska

Zoetis Polska Sp. z o.o.
ul. Postępu 17B
PL - 02-676 Warszawa
Tel.: +48 22 2234800

Portugal

Zoetis Portugal Lda.
Lagoas Park, Edifício 10
PT-2740-271 Porto Salvo
Tel: +351 21 042 72 00

România

Zoetis România S.R.L.
Expo Business Park, 54A Aviator Popișteanu,
Clădirea 2, Etaj 1-3, Sector 1,
București, 012095 - RO
Tel: +40785019479

Slovenija

Zoetis B.V.
Podružnica Zagreb za promidžbu
Petra Hektorovića 2,
10000 Zagreb,
Hrvaška
Tel: +385 1 6441 462

Slovenská republika

Zoetis Česká republika, s.r.o.
náměstí 14. října 642/17
150 00 Praha
Česká republika
Tel: +420 257 101 111

Suomi/Finland

Zoetis Finland Oy
Bulevardi 21 / SPACES
FI-00180 Helsinki/Helsingfors
Suomi/Finland
Puh/Tel: +358 10 336 7000
laaketurva@zoetis.com

Ελλάδα

Zoetis Hellas S.A.
Φραγκοκκλησιάς 7, Μαρούσι
EL-15125 Αττική
Τηλ: +30 210 6791900

Sverige

Zoetis Animal Health ApS
Øster Alle 48
DK-2100 København
Danmark
Tel: +46 (0) 76 760 0677
adr.scandinavia@zoetis.com

Latvija

Zoetis Belgium
Mercuriusstraat 20
1930 Zaventem
Belgija
Tel: +370 610 05088

United Kingdom (Northern Ireland)

Zoetis Belgium S.A. (Irish Branch)
2nd Floor, Building 10,
Cherrywood Business Park,
Loughlinstown,
Co. Dublin,
IE – Dublin D18 T3Y1
Tel: +353 (0) 1 256 9800

17. Aðrar upplýsingar

Sarolaner er mítla- og skordýraeyðir úr flokki isoxazólína. Sarolaner er virkt gegn fullorðnum flóm (*Ctenocephalides felis* og *Ctenocephalides canis*) auk margra mítlategunda svo sem *Demacentor reticulatus*, *Ixodes hexagonus*, *Ixodes ricinus*, *Rhipicephalus sanguineus* og maurunum *Demodex canis*, *Otodectes cynotis* og *Sarcoptes scabiei*.

Hjá flóm kemur virknifram innan 8 klukkustunda eftir að flóin berst á hundinn, á 28 daga tímabili eftir að dýralyfið er gefið. Hjá blóðmítlum (*I. ricinus*) kemur virkni fram innan 12 klukkustunda eftir að blóðmítillinn berst á hundinn, á 28 daga tímabili eftir að lyfið er gefið. Blóðmítlar sem fyrir eru á hundinum drepast innan 24 klukkustunda.

Dýralyfið drepur nýjar flær á hundum áður en þær geta verpt og kemur þannig í veg fyrir flóasmít í umhverfi hunda.